

# Áveitan

8. tbl. 9. árgangur. Ágúst 2015

## Samhygðar- og Vökumót

Sunnudaginn 16. ágúst fer Samhygðar- og Vökumótið í frjálsum íþróttum fram á íþróttavellinum við Þjórsárver. Keppni hefst kl 13:00 og keppt verður í eftirfarandi greinum:

Karlar: 100m, 800m, langstökk, hástökk, kúluvarp, kringlukast.  
Konur: 100m, 800m, langstökk, hástökk, kúluvarp, spjótkast.

Skráning fer fram á staðnum og að móti loknu mun ungmennafélagið Vaka bjóða upp á veitingar. Að sjálfsögðu hvetjum við sem flesta til þess að koma og keppa með okkur á þessu skemmtilega móti og auðvitað eru vallarstarfsmenn og aðrir stuðningsmenn boðnir velkomnir.

Allir keppendur Umf. Vöku fá gefins stuttermabol merktan félaginu á mótinu.

Umf. Vaka



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur.

Starfsmenn Flóahrepps eru nú óðum að hefja vinnu aftur eftir sumarleyfi. Skrifstofan opnaði 27. júlí eftir þriggja vikna lokun og starfsmenn leikskólans Krakkaborgar koma til starfa fimmtudaginn 6. ágúst. Árni Geir Hilmarsson stýrði vinnuskóla Flóahrepps af mikilli röggsemi. Vinnuskólanum lauk formlega 24. júlí. en nemendur hans hafa sinnt fjö mörgum verkefnum á starfstímanum. Oddný Lára Guðnadóttir var Árna Geir til aðstoðar hluta af tímanum. Eru þeim báðum ásamt krökkunum færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Verkstjórnarnir héldu upp á verklok vinnuskólans með hópnum sínum 24. júlí með því að skella sér í dagsferð til Vestmannaeyja. Ferðin heppnaðist mjög vel og allir skiluðu sér glaðir heim aftur.

Félagsheimilin Þingborg og Félagslundur hafa verið í töluverðri notkun eins og áður enda vinsælt að leigja þau fyrir bæði veislur og ferðahópa. Takmörkuð útleiga hefur verið á félagsheimilinu í Þjórsárveri vegna viðgerða í sumar. Viðgerðir í Þjórsárveri hafa tafist örlítið en beðið er eftir verktaka sem sér um að ganga frá suðu á þakdúk. Í ljós kom að lekið hafði með gamalli steinþakrennu og skemmdir innanhúss orðnar töluverðar.

Vinna við aðalskipulagsgerð 2016 – 2028 stendur yfir. Fyrsti fundur með hagsmunaaðilum hefur verið haldinn og næsti áætlaður í ágúst. Sveitarstjórn Flóahrepps gegnir hlutverki stýrihóps við aðalskipulagsgerðina og er íbúum og hagsmunaaðilum bent á að setja sig í samband við fulltrúa úr stýrihópnum eða Gísla Gíslason hjá Steinsholti sf, varðandi ábendingar og athugasemdir á vinnslutímanum. Í sveitarstjórn Flóahrepps sitja eftirtaldir. Árni

Eiríksson Skúflæk, Svanhvít Hermannsdóttir Lambastöðum, Margrét Jónsdóttir Syðra-Velli, Sigurbára Rúnarsdóttir Langsstöðum og Elín Höskuldsdóttir Galtastöðum.

Framkvæmdir standa yfir á lóð Krakkaborgar og miðar þeim vel áfram. Hitalagnir eru komnar undir stéttar og hellulögn lokið. Eftir er að ganga frá girðingu framan við anddyri og framan við pallinn við Lóudeild.

Auglýst hefur verið eftir leikskólastjóra en Sigríður Birna fór til annarra starfa 1. ágúst. Freyja Baldursdóttir stýrir starfinu í fyrstu opunarviku og síðan Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir þar til gengið hefur verið frá nýrri ráðningu. Sigríði Birnu eru hér færðar þakkir fyrir vel unnin störf og henni óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Töluverð vandamál hafa komið upp í sumar vegna vatnsskorts. Starfsmenn tæknisviðs og verktakar vatnsveitu vinna stöðugt að eftirliti og styrkingu veitukerfisins. Í sumum tilfellum hefur lélegur þrýstingur eða vatnsskortur stafað af sírennsli eða vatnsóun. Það er afleitt því engin kaldavatsveita er hönnuð til þess að bera stanslaust rennsli allan sólarhringinn. Eru íbúar og aðrir notendur á köldu vatni í Flóahreppi beðnir að taka tillit til þess. Mikilvægt er að fylgst sé vel með því ekki sé sírennsli í útihúsum eða beitarhólfum og starfsmenn vatnsveitu látnir vita strax af því ef svo erog ekki tekst að loka fyrir rennslið. Ákveðið hefur verið að fá starfsmenn Rarik til þess að leggja þriggja fasa raflögn að dæluhúsi í Ruddakróki til þess að koma öflugri dælingu út á kerfið. Töluvert hefur einnig áunnist við lekaleit og viðeigandi úrbætur gerðar ásamt því að dæling hefur verið aukin að einstökum bæjum sem standa hátt. Áfram verður unnið í því að auka flutningsgetu veitunnar.

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður haldinn 12. ágúst.

## **Kornbændur athugið**

Flóakorn ehf. býður upp á kornslátt og völsun eins og undanfarin ár. Félagið hefur yfir að ráða öflugri þreskivél af gerðinni Sampo og Murska kornvals. Bændur eru hvattir til að panta tímanlega. Stjórn Flóakorns tekur við pöntunum en hana skipa:

Höskuldur Stóra Ármóti, sími: 8974766.

Stefán Gerðum, sími: 8676907.

Helgi Súluholti, sími: 8929872

## **Frá Umf. Baldri**

### **Leikjakvöld í Einbúa**

Mínum á leikjakvöldin okkar í sumar undir stjórn þeirra Gunnhildar og Birgittu alla þriðjudaga kl. 20:00. Endilega allir að mæta í léttu leiki og glens á fallegum sumarkvöldum á yndislegum stað. Eitt þriðjudagskvöldið í ágúst verða grillaðar pylsur handa öllum sem mæta á æfingu, nánar auglýst á facebook síðu félagsins.

### **Bændur athugið !**

Tek að mér rúllun í sumar.

Er með Mchale fusion 3 plus samstæðu.

Upplýsingar gefur Gummi í Túni í síma 774-0182

## Frá Afréttamálafréttamálafélaginu

Réttað verður í Reykjaréttum á Skeiðum laugardaginn 12. september n.k. Stjórn Afréttamálafréttamálafélagsins hvetur þá sem ætla sér að fara til fjalls, hvort sem er í fyrsta safn eða eftirsafn að hafa samband við fjallkónga sem fyrst og panta leit. Þeir eru:

Vesturleit, Ágúst Ingi Ketilsson s. 899-5494

Austurleit, Ingvar Hjálmarsson s. 891-9597

Vesturleit eftirsafn, Halldór Vilhjálmsson s. 897-5987

Austurleit eftirsafn, Hafliði Sveinsson s. 869-2228

Afréttamálafréttamálafélagið stefnir nú í ágúst á að safna saman mannskap til að vinna að viðhaldi á réttunum. Á dagskrá er að endurnýja allt timburverk í réttunum á næstu árum. Þeir sem hafa tök á og áhuga á að koma að þessari vinnu eina dagsstund eru beðnir að láta vita af sér sem fyrst.

Að lokum er öllum þeim sem tóku þátt í girðingavinnunni á afréttinum í júní þakkað kærlega fyrir þeirra framlag og skemmtilega daga á fjöllum.

Stjórnin



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

## Frjálsíþróttafréttir

Unglingamót HSK fór fram 21. júlí og keppnislið Þjótanda átti einn keppanda á mótinu. Það var Stefán Narfi Bjarnason í Túni og keppti hann í flokki pílta 15 ára. Þjótandi endaði í fimmta sæti stigakeppninnar og hér er árangur Stefáns:

100m hlaup	13,27 sek	2. sæti
Hástökk	1,50m	2. sæti
Langstökk	4,79m	2. sæti
Kúluvarp	12,18m	2. sæti
Spjót kast	34,94m	2. sæti

Kristinn Þór Kristinsson Samhygðarmaður keppti á Meistaramóti Íslands í fullorðinsflokkum nú á dögnum og náði íslandsmeistaratitli í 800m hlaupi sem er hans aðal grein. Keppnislið HSK/Selfoss endaði í fimmta sæti á mótinu. Hér er árangur Kristins:

400m hlaup	50,42sek	3. Sæti
800m hlaup	1:53,03mín	1. Sæti

### Afleysingar

Tek að mér afleysingar og ýmis verk fyrir bændur. Uppl. í 865-7001

Einar Magnússon

## **Frá Umf. Vöku:**

### **Ungmennafélagsreiðtúr**

Hinn árlegi ungmennafélagsreiðtúr verður farinn sunnudaginn 23. ágúst næstkomandi. Hittast á við Þjórsárver kl 13:30 og ríða sem leið liggur að Egilsstaðakoti. Þaðan verður riðin nýlega opnuð reiðleið yfir hagann að Hurðarbaki. Á hlaðinu þar verður reiðmönnum boðið uppá kaffi og með því. Að kaffi loknu munu allir ríða aftur til síns heima. Allir eru hjartanlega velkomnir í ferðina, jafnt börn sem fullorðnir.

### **Úrslit úr hjólaralli**

Hjólarallið fór fram í gryfjunum við Hurðarbaksveg 16. júlí sl. 9 keppendur voru skráðir til leiks og sýndu margir þeirra mikil tilþrif. Að keppni lokinni var opin sjoppa og allir fengu viðurkenningaskjal. Úrslit urðu þessi:

1.	Heinz Jóhann Brynjólfsson	39, 91 sek
2.	Pétur Þór Brynjólfsson	47,51 sek
3.	Hjalti Geir Jónsson	49,63 sek
4.	Sigurjón Reynisson	51,30 sek
5.	Elísabet Ingvarsdóttir	1:04,18 mín
6.	Eyþór Bergmann Ingvarsson	1:08,34 mín
7.	Þórunn Eva Ingvarsdóttir	1:13,82 mín
8.	Þórarinn Óskar Ingvarsson	1:47,00 mín
9.	Ásta Björg Jónsdóttir	1:47,63 mín

## Flóamótið

Flóamótið sem er frjálsípróttamót fyrir alla nemendur í Flóaskóla verður haldið í byrjun skólaársins. Verður auglýst nánar þegar nær dregur.

Ungmennafélögin

## Pistill og Flóðgátt

Ritstjórn Áveitunar gerir nú tilraun til að endurlífga pistlaskrifin góðu í blaðinu. Skorar ritstjórn á oddvita hreppsins, Árna Eiríksson á Skúflæk að skrifa pistil í næsta blað, og skora svo á næsta pistlahöfund í framhaldinu.

Jafnframt skorar ritstjórn á lesendur að senda efni inn í vísnaþátt blaðsins, Flóðgáttina. Stefán Geirsson er umsjónarmaður og tekur við kveðskap af öllum stærðum og gerðum.

Ritstjórn

## Dagskrá mánaðarins

Leikjakvöld í Einbúa	11. ágúst
Samhygðar og Vökumót	16. ágúst
Leikjakvöld í Einbúa	18. ágúst
Reiðtúr Umf. Vöku	23. ágúst
Leikjakvöld í Einbúa	25. ágúst